



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

20. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 29. september kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Kolbrúnar Haraldsdóttur. Auk þeirra þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

Félagsheimilið – ráðhús og bókasafn: *Lagnavinnu er að lang mestu leiti lokið, hljóðdúk vantar í loft og elhúsinnréttingu á neðri hæð. Ráðgert er að verkinu ljúki um miðjan október.*

Félagsmiðstöðin í Flúðaskóla: *Verkinu er að mestu leiti lokið og er starfsemin hafin, smávægileg atriði standa út af og verða kláruð í næstu viku.*

Móttökustöð: *Unnið er að því að koma gámum á rétta staði og halda áfram með þróun og uppsetningu á móttökustöð að Flatholti.*

Kjallari Hrunamannavegar 3: *Leigutaki fer að flytja skjöl og setja upp innréttingar, í kjölfar þess verður lýsing sett á rétta staði.*

Skáli í Svínárnesi: *einhver vinna er eftir í frágangi hússins bæði innan- og utanhúss. Einnig þarf að skoða lausnir hvað varðar hitun hússins.*

Lyfsala og heilsugæsla: *innrétting er hafin á húsnæði fyrir lyfsöluna að Hrunamannavegi 3 og stefnt að opnun í nóvember. Húsnæði heilsugæslunnar verður afhent á miðvikudaginn í þessari viku eða 1. október og þar með geta starfsmenn Hsu farið að innrétta. Stefnt er að opnu húsi þann 5. nóvember á vegum Hsu.*

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri.

Gatnagerðarframkvæmdir: *Búið er að leggja malbik á Röðulstanga, áætlað er að malbika Ljónastíg og Garðastíg á næstu dögum. Malbik á lðjuslóð frestast vegna tafa við lagnavinnu til næsta vors.*

Veitufamkvæmdir:

- Hafin er vinna við lagnavinnu við Hrunalaug.

- Vinna við veitutengingar að Birtingaholti 5A er að hefjast.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "DAS", "JPC", "EFS", "BØV", and "H".

3. Blákvísl – næstu skref

Veitustjóri fór yfir stöðu mála. Verið er að kanna svæðið með tilliti til hönnunar veitukerfis frá upptökum Blákvíslar.

Veitustjóra falið að vinna málið áfram.

4. Erindi frá Hverabakka og Grafarbakka vegna ástands og viðhalds vegarins.

Lagt fram erindi frá Sólskins grænmeti ehf og Ylfélaginu ehf en þessi félög reka garðyrkjustöð að Hverabakka en mikil þungaumferð er að stöðinni allan ársins hring. Til að komast að stöðinni þarf að keyra malarveg frá Grafarbakka, aka á milli þarhúss sem er með gufuveitu í vegkantinum á aðra hönd og skóg á hina sem er afar þröngt vegstæði. Við tekur svo erfið brekka niður á eyri við Litlu Laxá. Vegurinn er bæði illa farinn og aðþrengdur og spurt er hvort Hrunamannahreppur taki að sér viðhald og snjómokstur á veginum þar sem hann er innan skilgreinds þéttbýlis á Flúðum. Svipað erindi hefur borist frá eigendum gamla hússins á Grafarbakka þar sem vegurinn er mjög nálægt húsinu eins og áður segir og mannvirki liggja þar undir skemmdum vegna umferðarinnar. *Nefndin þakkar fyrir erindin og hefur skilning á þeim aðstæðum sem lýst er í erindunum. Þar sem málið er á einkalandi og varðar fjölda landeiganda skorar nefndin á þá landeigendur sem málið varðar að koma saman og ræða þá möguleika sem eru fyrir hendi varðandi breyttar aðkomur og veghald á svæðinu. Nefndin er tilbúin til samtals um úrbætur séu landeigendur sammála um lausnir á málinu. Daði Geir Samúelsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

5. Umræða um lóðamál.

Sveitarstjóri kynnti stöðu lóðaúthlutuna en framkvæmdir eru víða hafnar eða að hefjast.

Sveitarstjóra falið að hafa samband við þá lóðarhafa sem ekki hafa sýnt neina framvindu í framkvæmdum frá úthlutun og auglýsa lausar lóðir.

6. Starfsmannamál

Rætt um stöðu starfsmannamála hjá veitum sveitarfélagsins en ein staða hefur verið auglýst þar laus til umsóknar. Umsóknarfrestur rennur út á morgun.

7. Verkfundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram til kynningar:

- Röðulstangi – gatnagerð – frá 10. september 2025
- Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 24. september 2025
- Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 17. september 2025
- Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 3. september 2025

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:52

Þorunn Vignisdóttir

Æir E. Svansson

Hauður Hjörnskel

Daði Geir Samúelsson

Rannveig Hjörnskel

Guðrún Þ. Eiríksdóttir